

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 30. nóvember 2007.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, með síðari breytingum.

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagt er til að opinber birting og framlagning álagningar- og skattskráa verði lögð af.*

Viðskiptaráð hefur áður skilað inn umsögn um framangreint frumvarp, sbr. umsögn ráðsins dag. 14. apríl 2005. Álit ráðsins hefur ekki breyst á þeim tíma sem liðið hefur og er það enn mat ráðsins að ekki sé eðlilegt að álagninga- og skattskrár séu gerðar opinberar. Eins og kom fram í eldri skoðun ráðsins þá telur ráðið „óráveg frá þröngri heimild skattstjóra til upplýsingagjafar úr álagningaskrá til þeirrar viðamiklu dreifingar á skránni sem stunduð hefur verið undanfarin ár.“

Viðskiptaráð tekur undir þau rök greinargerðar frumvarpsins að birting álagningar- og skattskráa brjóti gegn stjórnarskrárvörðum rétti einstaklingsins til friðhelgi einkalífs.

**Viðskiptaráð styður því ofangreint frumvarp og hvetur til þess að það nái fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs